

**546. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn
Strandgötu 38, 12. september 2019
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Fundurinn hófst á heimsókn í Tálknafjarðarskóla og íþróttamiðstöðina. Oddviti setti formlegan fund kl. 19:45 og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð. Svo var ekki. Við fundarboð bættust frá fundarboði liðir nr. 53 og 54. LM óskar breytingu á dagskrá, liðir nr. 22, 31, 35 og 36 verði almenn erindi en ekki til kynningar.

1. Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330

414 fundargerð Hafnarsambands tekin fyrir og samþykkt samhljóða

2. Fundargerðir siglingaráðs 2018-2019 - 1904097

16. 17. og 18 fundargerð Siglingaráðs samþykktar samhljóða.

3. Fundargerðir 2019 Samband íslenskra sveitarfélaga Ársskýrsla 2018 - 1901337

*873. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkt samhljóða.
Gerð er athugasemd við að vísað er í fundargerðir sem ekki eru aðgengilegar á vefnum.*

4. Fundargerðir 2019 Vestfjarðarstofa - 1905178

Fundargerð 19. fundar stjórnar Vestfjarðarstofa samþykkt samhljóða

5. Fundargerðir 2019 samráðsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands - 1909147

Fundargerð fyrsta fundar samráðsnefndar Fiskistofu og Hafnarsambands Íslands samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn beinir því til Hafnarstjóra að fylgjast vel með samráðsnefndinni og að fundargerðir verði lagðar fyrir Atvinnu og hafnarnefnd.

6. Fundargerðir 2019 Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 1908116

Fundargerðir 50. 51. 52. og 53 Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga samþykkt samhljóða.

7. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 31 - 1908003F

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð nefndarinnar og tekur sérstaklega undir bókun hennar í lið 7.1. Samþykkt samhljóða

7.1 1908051 - Áskorun vegna hamfarahlýnunar

Nefndin tekur undir að aðgerðar er þörf í loftslagsmálum og að bjóða megi uppá meira grænmetisfæði í skólum. Að hætta að bjóða uppá dýra afurðir þykir ekki vænleg leið að mati nefndarmanna. Við búum í samfélagi sem byggir viðurværi sitt á land- og strandbúnaði og myndi þá skjóta skökku við að bjóða ungu kynslóðinni okkar ekki þá góðu og jafnframt næringríku afurð sem hér er alin og ræktuð.

- 7.2 1908032 - Fyrirspurn um ærslabelgi
Sveitarstjóra falið að svara bréfitara þess efnis að í Tálknafjarðarhreppi er ærslabelgur en við hann eru engin skilti.
- 7.3 1908042 - Skólaþing sveitarfélaga 4. nóvember 2019 - Á réttu róli
Stefnt er að því að skipa í ungmennaráð fljótlega í Tálknafjarðarhreppi en telur nefndin að þeirri vinnu verði ekki lokið fyrir Skólaþing sveitarfélaga 4. nóvember nk. en er full bjartsýni að ungmennaráð Tálknafjarðarhrepps komi sterkt inn að ári.
- 7.4 1908004 - Stefnumótun menningarmála 2019-2022
Vinna við stefnumótun er í fullum gangi og heldur áfram.
- 7.5 1908005 - Stefnumótun íþróttamála 2019-2022
Vinna við stefnumótun er í fullum gangi og heldur áfram.
- 7.6 1908006 - Stefnumótun æskulýðsmála 2019-2022
Vinna við stefnumótun er í fullum gangi og heldur áfram.
- 7.7 1908003 - Stefnumótun fræðslumála 2019-2022
Vinna við stefnumótun er í fullum gangi og heldur áfram.
- 7.8 1906312 - Upplýsingagjöf skólastjóra
Skólaárið fer vel af stað og skólinn vel mannaður.
Starfsáætlun er að klárast og verður tekin fyrir hjá nefndinni á næsta fundi.
Skólaráð verður sett saman á næstu vikum.
Nemendaráð hefur verið stofnað og nemendafélag endurvakið.
Vinna við skólastefnu hefur verið frestað fram til janúar 2020.
Fulltrúa kennara í nefndina hefur verið kosin af kennurum og var Svanhildur Rós Guðmundsdóttir kjörin og Ágústa Ósk Aronsdóttir til vara.
Samið hefur verið við Litlu Kvíðamiðstöðina um sálfræðiaðstoð en þar hefur skólinn aðgang að fleiri sálfræðingum en áður og því von á betri þjónustu en áður.
Andrúmsloftið í skólanum er mjög jákvætt og er tilfinning skólastjóra að bæði nemendum og starfsfólki líði vel.
- 7.9 1903013 - Upplýsingar frá íþróttá og tómstundafulltrúa
Félagsmiðstöð
Reynt er eins og hægt er að leyfa börnum í félagsmiðstöðvunum á svæðinu að hittast og kynnast. Er það gert með sameiginlegum viðburðum.
Valdimar Hermann Hannesson hefur verið ráðinn nýr forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Tunglsins.
Áætlað er að starfið í félagsmiðstöðvum verði öflugra í vetur og meira um fræðslu fyrir ungmennin.
Aðstaðan fyrir félagsmiðstöðina Tunglið er ekki ásættanleg og þarf að leysa sem fyrst, huga þarf að aðgengi og salernisaðstöðu fyrir hjólastóla. Áætlað er að starf eldri borgara fari í annað húsnæði fljótlega og Vindheimar verði

Þá alfarið undir félagsmiðstöðina. Þegar að því kemur þarf að huga að ýmsu. Sett verður á laggirnar félagsmiðstöðvar ráð sem vinnur með forstöðumanni að stefnu og starfi félagsmiðstöðvarinnar.
Félagsmiðstöðin Tunglið opnar þriðjudaginn 10. september nk.

Íþróttaskóli

Erfiðlega gekk að manna skólann en er hann fullmannaður núna
Thelma Ýr og Marion eru kennarar
Sund er kennt í íþróttaskólanum
Starf íþróttaskólans hefst á morgun, miðvikudaginn 4. september.

Ungmennaráð

Æskilegt væri að skipa í ungmennaráð sem fyrst.
Hægt væri að halda ungmennafing fyrir ungmenni í Tálknafirði og hefja þannig eitthvað starf sem gæti verið upphaf að ungmennaráði.
Íþrótt- og tómstundafulltrúi ætlar að hefa skipulagningu að Ungmennafing Tálknafjarðar sem stefnt verður að því að halda í byrjun nóvember.
Íþrótt- og tómstundafulltrúi mætir á næsta fund nefndarinnar sem haldinn verður 1. október nk.

Almenningssamgöngur

Stoppustöðvar eru heldur ósýnilegar og þarf að bæta, t.d. með skiltum.

Næsta sumar verður farið með börn sem æfa frjálsar íþróttir til Gautaborgar eins og gert var árið 2018 og er söfnun hafin og óskar hópurinn nú eftir verkefnum til fjáröflunar.

7.10 1908074 - Vatnstjón í íþróttahúsi

Forstöðumaður íþróttahúss kom inn á fund og upplýsti nefndarmenn um ástand íþróttahússins vegna vatnstjóns sem nýlega varð þar.

Að öðru leyti upplýsti forstöðumaður um að sumarið gekk vel og var slegið aðsóknarmet dag eftir dag og voru gestir yfir 4000 í júlímánuð.

8. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 42 - 1907001F

Fundargerð nefndarinnar er samþykkt samhljóða, sérstaklega er bókað við liði 8.1, 8.2, 8.4, 8.6, 8.7, 8.8, 8.9

8.1 1712033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt. Nefndin bendir á að athugasemdir sem fram komu beinast meira að deiliskipulagi en aðalskipulagi og því mun nefndin taka athugasemdirnar fyrir við gerð deiliskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar og vísar framkomunum athugasemdum til deiliskipulags.
Samþykkt samhljóða

8.2 1908087 - Bugatún 16, umsókn um lóð

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að búið er að byggja sökkuð lóðinni. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hefja viðræður við Hrafnshól um sölu á sökklinum.
Nefndin bendir á að breyta þarf deiliskipulagi svæðisins og telur eðlilegt að

umsækjandi greiði fyrir deiliskipulagsbreytinguna þar sem hann óskar eftir henni.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða

- 8.3 1908018 - Drög að leiðbeiningum um gjaldskrár byggingarfulltrúaembætta Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að drögin verði notuð sem fyrirmynd að gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps 2020.
- 8.4 1907039 - Súrefnistankur
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið, byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi að öllum formsatriðum uppfylltum.
- 8.5 1907038 - Fóðurgeymsla - stækkun á húsi 3
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið, byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi að öllum formsatriðum uppfylltum.
- 8.6 1905001 - 20 m³ olíutankur í Norður Botni
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd hafnar erindinu þar sem olíutankurinn er utan byggingarreits.
Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða
- 8.7 1908121 - Lóðarblað fyrir Dunhaga
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja lóðarblaðið.
Samþykkt samhljóða
- 8.8 1909177 - Umsókn um lóð
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir umrædda lóð og leggur til að heimila grenndarkynningu skv. 2.mgr. 43.gr skipulagslaga nr.123/2010. Lagt er til að erindið verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Hrafnadalsvegur nr. 1, Strandgötu 42, 44-46 og 48-50. Kostnaður við grenndarkynningu greiðist af umsækjanda.
Samþykkt samhljóða,LM situr hjá
- 8.9 1904157 - Strandgata 25, íbúðir í iðnaðarhúsnæði
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að umrætt húsnæði er á skipulögðu hafnarsvæði og ekki gert ráð fyrir breytingum á því. Erindinu er því hafnað.
Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.
- 8.10 1909178 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulags geymslusvæðis er kr. 40.000,- pr. gám.

9. Seiðaflutningar um Tálknafjarðarhöfn - 1909181

Málinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða

10. Þingsályktun um sveitarstjórnarmál - 1908035

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023. Einkum og sér í lagi þeim meginmarkmiðum að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins og að byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær, að gefnu að sjálfsögðu að "við mótun áætlunarinnar verði ávallt gætt að sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga" eins og fram kemur á blaðsíðu eitt í tillögunni.

Sveitarstjórn Tálknafjarðar hnýtur hins vegar við mælikvarða í kafla 1.1 Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.

Ekkert sveitarfélag hafi færri en eitt þúsund íbúa.

Hvers vegna er miðað við fjölda íbúa í stað landfræðilega staðsetningu byggðakjarna. Augljóslega er önuget og fjarlæggt fyrir til dæmis íbúa Reykhóla að sækja yfirstjórn síns sveitarfélags til Vesturbyggðar eða Hólmavíkur. Ef miðað væri við landfræðilega staðsetningu byggðakjarna lægi beinast við að sameina með valdi Hveragerði og Ölfus og öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu myndu sameinast í eitt sveitarfélag með valdboði. Með því væri komið í veg fyrir margskonar dýr skipulagsmistök og ágreining sem upp kemur þegar byggðakjarnar liggja svona þétt en lúta mismunandi sveitarstjórnnum. Hugsanlega getur fjöldi íbúa verið grundvöllur skynsamlegra sameininga, en ekki alltaf.

Liggja þarf fyrir fjárhagslegur útreikningur á sparnaði við sameiningar í fjölkjarna sveitarfélög og hvort þau verða sjálfkrafa sjálfbær við sameiningu?

Sveitarstjórn Tálknafjarðar óskar eftir staðfestum upplýsingum um að hagur íbúa sveitarfélagsins muni vænkast við þvingaða sameiningu og þá við hverja?

Skuldaviðmið A-hluta sveitarsjóða verði ekki hærra en sem nemur 100%

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir þetta markmið en minnir á að tekjur sveitarfélaga þurfa að hækka svo þau geti staðið við skuldbindingar sínar. Ekki verður séð að tekjur sveitarfélaga á íbúa hækki sjálfkrafa við sameiningu.

Hvað varðar samhengi milli 1.000 íbúa viðmiðs og 100% skuldahlutfalls má benda á að skuldahlutfall Norðurþings sem er landstórt fjölkjarna sameinað sveitarfélag, er 137% árið 2017. Agnarsmár nágranni Norðurþings er Tjörneshreppur með skuldahlutfallið 16%, fyrir þeim liggur samkvæmt þessari framtíðarsýn að sameinast Norðurþingi og ekki augljóst hvernig það gagnast íbúum Tjörneshrepps. Sama má segja um Súðavíkurhrepp með 21% skuldahlutfall árið 2017, þvinguð sameining myndi að öllum líkindum fella hreppinn undir Ísafjarðarbæ sem er eins og Norðurþing sameinað fjölkjarnasveitarfélag með 109% skuldahlutfall 2017. Meðaltal skuldahlutfalls sveitarfélaga með íbúa undir 1.000 er innan við 50% en sveitarfélaga með 1.001 - 15.000 íbúa er tæp 90%

Lýðræðisleg þátttaka íbúa m.a. mæld í kjörsókn, fjölda íbúafunda, opinna kynningarfunda, sértækum samráðsverkefnum og skoðanakönnunum, aukist milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir að nauðsynlegt sé að fylgjast með lýðræðislegri þátttöku íbúa en dregur í efa sameining sveitarfélaga á landfræðilega

stóru svæði geti aukið lýðræðislega þátttöku, þvert á móti. Valdálitið eða valdalaus hverfaráð getur ekki virkjað jafnmarga til starfa og nú starfa fyrir fámenn sveitarfélög.

Samþykkt samhljóða

11. Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - 1909168

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í samstarf sveitarfélaga með stofnun samstarfsvettvangs um loftslagsmál og heimsmarkmið. Samþykkt með fjórum atkvæðum, BSHar situr hjá.

12. Umferðarmerkingar Tillaga - 1808016

*Sveitarstjóra falið að sjá um að setja upp viðeigandi umferðarmerki í sveitarfélaginu og kanna kostnað við vegrið við Hrafnadalsveg. Umræðu um hámarkshraða er vísað til byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða*

13. Umsókn um nýtingarleyfi til rekstur Hitaveitu á Tálknafirði - 1804025

Sveitarstjóra falið að kanna stöðu hitaveitunnar og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

14. Viðauki IV - Búnaður í Tálknafjarðarskóla - 1909204

*Viðauki IV - Búnaður í Tálknafjarðarskóla
Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætlun
Hækkun:
2821 - Kennslutæki kr. 2.100.000,-
2852 - Aðrir innanstokksmunir kr. 450.000,-
2853 - Minniháttar tæki kr. 400.000,-
4964 - Viðgerðir áhalda og innanstokksmuna kr. 210.000,-
4981 - Vinna verkamanna kr. 500.000,-
Samtals kr. 4.000.000,-
Lækkun:
1110 - 1803 - laun og launatengd gjöld kr. 3.000.000,-
4000 þjónustukaup kr. 1.000.000,-
Samtals kr. 4.000.000,-*

Samþykkt samhljóða

15. Viðauki V - viðgerð á lögnum - 1909205

Viðauki V - Viðgerð á lögnum

*Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætlun 2019
31201-4965 Íþróttahús / Viðhald húsa verði bætt við 1.000.000,-
31251-4965 Sundlaug / Viðhalds húsa verði bætt við 1.000.000,-
Og færast af handbæru fé.*

Viðaukinn er vegna viðgerða á lögnum í sundlaugargarði, sjá fundargerð 545. fundar sveitarstjórnar, mál 1908074

Samþykkt samhljóða

16. FF 101 TF ársreikningur 2018 – 1908099

Samþykkt samhljóða

17. Fjárhagsáætlun 2020 - 1908014

Sveitarstjóra falið að auglýsa íbúafund 19. september kl. 18:00, samþykkt samhljóða

18. Flugstefna grænbók SNR 197 2019 - 1908129

Sveitarstjórn tekur undir bókun fjórðungssambandsins. Samþykkt samhljóða

19. Samstarfs og þjónustusamningur við byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks - 1906391

Sveitarstjórn samþykkir Samstarfssamning Byggðasamlagsins. Samþykkt samhljóða

22. Athugasemd vegna ljósleiðaraframkvæmda 2019 - 1908096

Athugasemd kom frá Mílu vegna ljósleiðaraframkvæmda, sveitarstjóri upplýsti um stöðu málsins. Samþykkt samhljóða

31. Starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. og Fjarðalax - 1908106

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar útgáfu starfsleyfa fyrir Fjarðalax og Arctic Sea Farm og óskar fyrirtækjunum til hamingju með lyktir máls. Samþykkt samhljóða

35. Reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga - 1909160

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps telur að það sé ekki hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að standa straum af kostnaði við sameiningu sveitarfélaga. Sé það vilji stjórnvalda að styrkja sveitarfélög til sameiningar skuli fé til þess koma úr öðrum sjóðum. Sveitarstjóra falið að ganga frá umsögn í samráðsgátt stjórnvalda. Samþykkt samhljóða

36. Hafnafundur 2019 - 1909156

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og formanni Atvinnu og hafnarnefndar að mæta á þing Hafnarsambandsins. Samþykkt samhljóða

20. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453

Fundir og viðburðir

Fundur með stjórn Brunabótafélags Íslands á Bíldudal

Heimsókn frá stjórn sjávarútvegssveitarfélaga

Sif Huld framkvæmdastjóri Byggðasamlagsins mætti á fund

Fundur með Hrafnshóli

Reykjavíkurfærið

Lögfræðingur vegna aflagjalds af seiðaflutningum

Vegagerð vegna samgönguáætlunar

Míla vegna ljósleiðaraverkefna

Indriði Indriðason vegna aflagjalds af seiðaflutningum

Fundur í Siglingaráði

Fundur fámennra sveitarfélaga

Aukaþing sambands Ísl. sveitarfélaga

Verkefni frá síðasta fundi sem eru enn í vinnslu.

Auglýsa Bugatún grunn, Brekku og Valhöll.

Ýmsar þreifingar í gangi

Komin tillaga að fóstursamningi vegna Brekku

Vinna húsnæðisstefnu fyrir sveitarfélagið.

Vinna í persónuverndarmálum

Lagfæringar og hreinsun í Hrafnadal
Ath. umferðarmerki

Ný verkefni framundan:

Annað
Aðalskipulagsvinna
Framtíðin

Lausafjárstaða: 49.123.421

Óleyst mál í málakerfi:

11/4 = 856

08/5 = 768

27/6 = 809

15/8 = 793

12/9 = 773

Samþykkt samhljóða

21. Námskeið Meðferð persónuupplýsinga í stjórnáslunni haldið 26. september - 1908111
23. Evrópuvika svæða og borga í Brussel 7.-10. október 2019 - Þátttaka íslenskra sveitarfélaga - 1908103
24. Málstofa Innleiðing sveitarfélaga á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Stefnumótun, staðlar, mælitæki og aðgerðir - 1908021
25. Til upplýsinga - Viðbrögð kjarasviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga - 1909195
26. Umhverfismatsdagurinn 2019 - 1909140
27. Fyrsti fundur tengiliða samráðsvettvangs sveitarfélaga 13. sept - 1908127
28. Jafnlaunavottun sveitarfélaga - 1909163
29. Jafnlaunavottun í mannauðskerfum - 1908044
30. Nýtt fiskveiðiár 2019-2020 - 1909149
32. Athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna Vestfjarðavegar - 1908084
33. Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa 2018 -2019 - 1909135
34. Slysaslepping 16.08.2019 - 1908054
37. Sjávarútvegsfundur 2019 Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - 1908125
38. Nýjar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. - 1909183
39. Endurskoðun viðræðuáætlunar við Kennarasamband Ís - 1909189
40. Boð á ráðstefnu Framtíð byggðapróunar á Norðurlöndum - 1908092
41. Sjávarútvegsráðstefnan 2019 verður haldin í Hörpu dagana 7.-8. nóvember. - 1908114
42. Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa 2018 -2019 - 1909135

43. **Ársskýrsla 2018 Mannvirkjastofnun - 1908066**
44. **Fundur vegna ASC vottunar - 1908089**
45. **Slökkvitækjaþjónusta - 1909193**
46. **Samningur um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða - 1907009**
47. **Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga XXXIV - 1908064**
48. **Nýtt fiskveiðiár 2019-2020 - 1909149**
49. **Mótun menningarstefnu Vestfjarða - suðurfirðirnir - 1909187**
50. **Alþjóðlegir sumarskólar um loftslagsmál haldnir í New York, Tókíó og Þingeyri - 1909191**
51. **Kynningarfundur um málefni EBÍ föstudaginn 16. ágúst n.k. - 1908025**
52. **Fundarröð Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunnar - 1908027**
53. **Kjördæmavika, þingmannafundur 30. sept. - 1909218**
54. **Ráðstefna um konur og siglingar - 1909209**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)